



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
b.t. Hafðísar Guðrúnar Hilmarsdóttur  
Sölvhólgötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 17. mars 2020

2003030SA KB/kef  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Fyrirhuguð breyting á viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskaði eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að breytingum á viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla, með tölvupósti dags. 27. febrúar 2020. Eru þessar breytingar liður í aðgerðum ráðherra í kjölfar niðurstaðna PISA sem kynntar voru 3. desember 2019.

Breytingarnar fela í sér að:

- Vægi íslensku er aukið úr 18,08% í 21,50%
- Vægi náttúrugreina er aukið úr 8,33% í 11,01%
- Vægi valgreina er minnkað úr 9,90% í 3,79%

Sambandið tekur undir að gera þurfi breytingar á viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla og telur mikilvægt að leggja aukna áherslu á kennslu í íslensku og náttúrugreinum til að bregðast við versnandi árangri nemenda í þessum greinum.

Sambandið telur hins vegar að við endurskoðun á viðmiðunarstundaskrá sé ekki eingöngu hægt að taka mið af árangri nemenda í PISA heldur þurfi einnig að skoða niðurstöður annarra verkefna þar sem lögð er áhersla á breytingar á skólastarfi. Má þar nefna drög til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030, skýrslu starfshóps um innleiðingu geðræktar, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni á Íslandi og samkomulag mennta- og menningarmálaráðherra, Samtaka iðnaðarins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að auka vægi og áhuga á verk-, tækni- og listgreinum, sem undirritað var 25. febrúar sl.

Sambandið telur óhjákvæmilegt að vara við því að það að fækka kennslustundum í valgreinum á öllum skólastigumsem kann að leiða til fækkunar kennslustunda í list- og verkgreinum, sem gengi þvert á fyrrnefnt samkomulag og áherslur í menntastefnu til 2030. Fækkun valgreina dregur úr sveigjanleika og fjölbreytileika skólastarfsins og dregur úr tækifærum nemenda sem eiga erfiðara með bóklegt nám en verklegt nám. Sambandið leggur áherslu á að auka þurfi alla færni nemenda, ekki eingöngu bóklega, og út frá áhugasviðum þeirra.

Sambandið telur þörf á frekari umræðu um málið, þar sem sérstaklega verði skoðað að ráðast í heildarendurskoðun á viðmiðunarstundaskrá, þar sem allar námsgreinar eru undir sem og heildarkennslustundafjöldi. Sérstaklega skal bent á að kennsludagar í íslenskum grunnskólum eru 170 dagar auk 10 „skertra“ daga. Eru kennsludagar á Íslandi mun færri en í flestum löndum innan OECD, en meðaltal þar

er 183-185 dagar. Með því að fækka „skertum“ skóladögum og fjölga hefðbundnum kennsludögum nemenda mætti nálgast markmið ráðuneytisins um fjölgun kennslustunda í íslensku og náttúrufræðigreinum án þess að skerða kennslustundir í öðrum greinum.

Boðuð endurskoðun á viðmiðunarstundaskránni felur einungis í sér breytingu á tímamagni. Sambandið vekur athygli á að einnig er mikilvægt að skoða innihaldið. Við frekari umfjöllun um málið er mikilvægt að fyrir liggji svör við eftirtöldum atriðum:

Hvaða þætti á að leggja áherslu á innan þessa aukna tímamagns í íslensku og náttúrufræði?

Er fyrirhuguð aukin starfsþróun fyrir kennara til að takast á við þessar breytingar?

Eru kennarar með þessa sérhæfingu til staðar?

Eru námsgögn og kennslugögn til staðar til að mæta fjölgun kennslustunda og aukinni áherslu?

Af hálfu sambandsins er vilji til þess að eiga frekara samtali við ráðuneytið um útfærslu málsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri